

Útvarpsréttarnefnd
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Símbref: 562 3068

26. mars 2009.

Viðbót við kæru

vegna brota Ríkisútvarpsins RÚV á útvarpslögum og lögum um Ríkisútvarpið

Bellibrögðum beitt hjá RÚV til að hampa einu framboði umfram annað!

Rétt er að eftirfarandi upplýsingar komi fram við Útvarpsréttarnefnd sem segist í dag fjalla um kæru Lýðræðishreyfingarinnar vegna brota Ríkisútvarpsins á útvarpslögum og lögum um Ríkisútvarpið. Flest af þessu hefur áður verið sent Útvarpsréttarnefnd en engin svör borist.

Nú er ljóst að starfsmenn Ríkisútvarpsins beittu brögðum til að koma nýju framboði á framfæri en formaður Borgarahreyfingarinnar (sem eru í raun sömu samtök og „Opinn borgarafundur“) starfar hjá Ríkisútvarpinu. Fram kom í fréttum í gær að annar forsprakki samtakanna Gunnar Sigurðsson leikstjóri leiðir nú lista Borgarahreyfingarinnar í því kjördæmi sem hefur mest vægi atkvæði á landsvísu.

Þann 2.12.2008 sendum við bréf til Páls Magnússonar útvarpsstjóra og vöktum athygli á því að Opinn borgarafundur væri ekki framsettur eftir lýðræðislegum leikreglum. Það Lýðræðishreyfingin um aðganga að útsendingum RÚV og Ríkisútvarpsins á jafnréttisgrundvelli við samtök Gunnars Sigurðssonar. Eftirfarandi kom fram í þessu bréfi:

Ég kynntist einnig Borgarafundinum. Í Háskólabíó varð ég vitni að því að vörubílstjóra var meinað að bera upp spurningu. Fólk í kringum þennan mann tjáði mér að einhversskonar fyrirmæli hefðu verið gefin út að hleypa honum ekki í loftið. Þar sem ég hafði skráð mig fljótlega eftir fyrsta fundinn á póstlista hjá borgarafundur.org, hef ég fengið sendan póst og hvatningar að kynna fundina. Einnig fundarboð á skipulagsfund. Ég mætti á slíkan fund tveimur dögum eftir stóra fundinn í Háskólabíó. Þar var borin upp sú tillaga (tek það fram að þessi tillagan var ekki frá mér né tengist mér á nokkurn hátt) að skipta út fundarstjórum með reglulegu millibili. Ég hlustaði á þetta og lagði lítið til málanna annað en ef ætti að skipta út fundarstjóranum væri ekki úr vegi að kona yrði valin næst. Tillaga og umræður um breytingar á fundarstjórn var kveðin í kútinn eftir að hinn ágæti leikstjóri borgarafundanna sagðist ekki myndi mæta á næsta fund ef þetta ætti að þróast í einhver formleg fundarsköp. Ekki veit ég hvort það tengist þessari umræðu en ég var snarlega tekinn af póstlista borgarafundarins og fékk ekki sent næsta fundarboð. Frétti frá öðrum að sá fundur var haldinn 1. desember.

Ég er ekki alveg að átta mig á því hvað er í gangi við þessi mótmæli og borgarafundi. Hversvegna ekki er staðið að þessu með óhlutdrægum og lýðræðislegum hætti. Ég hef tekið eftir því að á meðan sumum frummælenda er hafnað af skipuleggjendum, hafa aðrir margsinnis flutt ávörp. Svo ég gerði smá könnun á þeim frummælendum sem hafa komið fram til að kanna hvort einhverjar pólitískar ástæður kynnu að liggja hér að baki.

Könnun mín virðist því miður leiða í ljóst að verið sé að misnota vettvang mótmælenda. Síðastliðinn mánuð hafa 70,6% frummælenda á Austurvelli og Arnarhóli tengst Vinstri Grænum. 11,8% tengast öðrum stjórnmálahreyfingum en hjá 17,6% finn ég ekki augljósar tengingar við stjórnmálaflokka. Svipað mynstur er á borgarafundunum í Iðnó og Háskólabíó,

þar er meirihlutinn eða 53% sem tengjast Vinstri Grænum. Með þessu bréfi fylgja nánari upplýsingar um þetta.

Um leið og ég vil þakka RÚV fyrir að hafa veitt landsmönnum tækifæri til að fylgjast með mótmælunum, tel ég nauðsynlegt að staldrað sé við og RÚV standi vörð um opna og lýðræðislega umræðu. Slíkt mætti gera með samkomulagi aðila um endurskipulagningu á því hvernig staðið er að vali á frummælendum á mótmælafundum og borgarafundum og jafnræðisreglu sé gætt. Nauðsynlegt að RÚV veiti öllum þeim félagasamtökum sem sem hafa eitthvað fram að færa í umræðuna, jafnan aðgang að útsendingatíma í ríkisfjölmiðlunum. Við hjá Lýðræðishreyfingunni gætum t.d. hugsað okkur að vera með vikulegan og þverpólítískan umræðuþátt í sjónvarpi þar sem m.a. yrði fjallað um þá möguleika að þróa beint og milliliðalaust lýðræði á Íslandi. Við erum tilbúin að kosta gerð slíks þáttar á eigin forsendum og biðjum RÚV ekki um annað en útsendingartímann.

Þrátt fyrir þessar athugasemdir hélt Ríkisútvarpið og RÚV áfram að útvarpa og sjónvarpa fundum Gunnar Sigurðssonar leikstjóra m.a. í beinum útsendingum. Bréfi Lýðræðishreyfingarinnar var hinsvegar ekki svarað og ekki náðist í útvarpsstjóra í síma þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess.

13 janúar 2009 sendi Lýðræðishreyfing Pálmi Magnússyni ítrekaða beiðni um útsendingatíma í Ríkisútvarpinu. Erindinu var ekki svarað en þar segir m.a.:

Í ljósi þess hvernig staðið hefur verið að „Opnum borgarafundi“ og fundum á Austurvelli er verið er að brjóta lög og reglur um Ríkisútvarpið nema öðrum sjónarmiðum sé einnig veittur sambærilegur aðgangur í útsendingar RÚV. Ég lagði til í fyrra erindi að reynt yrði að ná samkomulagi um endurskipulagningu á ferli við val frummælanda á mótmæla- og borgarafundum til að jafnræðisreglu sé gætt. Hinsvegar virðist ekki mikill vilji til þess ef marka má uppákomuna á „Opnum borgarafundi“ er jólasveinninn var borinn út af fundi samtakanna í Iðnó í viðurvist fjölmiðla. Þetta staðfestir auðvitað um leið það sem áður gerðist á skipulagsfundi sömu samtaka og undirstrikar að þessir fundir eru í raun hluti af leikstýrðum pólitískum blekkingarvef sem RÚV er óheimilt að útvarpa eða sjónvarpa nema öðrum sé veittur sambærilegur aðgangur að Ríkisútvarpinu fyrir sín sjónarmið.

Lýðræðishreyfingin ítrekar hér með ósk sína um aðgang að útsendingartímum RÚV. Beiðnin er byggð á grundvelli gildandi laga að Ríkisútvarpinu ohf beri að halda í heidri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Ríkisútvarpinu beri að gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð og að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttahjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.

29 janúar 2009 sendi Lýðræðishreyfingin Páli Magnússynni enn aðra ítrekun og þar sagt að gróflega væri troðið á lýðræðinu í Kastljósi RÚV, en þá var umfjöllun í Kastljósinu enn frekar tilefni til kvartana. Í þessu bréfi segir m.a.:

Í Kastljósi RÚV í gær var umræða sem sögð var um „þá gerjun sem á sér stað um lýðræðismálin og þær fjölmörgu hreyfingar sem eru að spretta upp í samfélaginu“.

Annar viðmælenda segist spá í framboð með stefnumál sem undirritaður, fyrstur Íslendinga, kynnti opinberlega við kosningar, hefur unnið með síðan 1995 og sem fyrir 10 árum leiddi til stofnunar Lýðræðishreyfingarinnar með beint og milliliðalaust lýðræði sem markmið.

Væntanlegt framboð okkar við næstu alþingiskosningar var tilkynnt til RÚV fyrir tveimur mánuðum síðan.

RÚV hefur því miður ekki séð ástæðu til að virða þær lýðræðislegar leikreglur að veita Lýðræðishreyfingunni jafnan aðgang eins og öðrum aðilum að Kastljósi, Silfri Egils eða annarri umræðum um þessi mál í ríkisfjölmiðlunum.

Eins og áður hefur fram komið í bréfum mínum hafa lög og reglugerðir um starfsemi og hlutverk Ríkisútvarpsins hafa ítrekað verið brotnar á kostnað Lýðræðishreyfingarinnar.

Er edlilegt að fjalla um beint og milliliðalaust lýðræði og útiloka frá þeirri umræðu einu skráðu stjórnmalasamtök landsins sem hafa þetta mál sem aðalmarkmið? Fréttamönnum má vera ljóst að Lýðræðishreyfingin hefur ýmislegt fram að færa í þessari umræðu.

Er edlilegt að sniðganga Lýðræðishreyfinguna á meðan dregnar eru fram eftirhermur sem eru svo grófar í sinni framsetningu að íslenska skjaldamerkið er notað sem vörumerki á vefsíðu þeirra. Vefsíðu skráða á einstakling sem rétt hafa. Vefsíðu kostaða af fagfjórðingum úr atvinnulífnum í einhverskonar fjórðingarsamkrulli við ríkisfyrirtæki. Vefsíðu þar sem skjaldamerki ríkisins er notað með ólöglegum hætti á óskráð samtök.

Einn aðstandenda Lýðveldisbyltingarinnar er hinsvegar Davíð A. Stefánsson sem einnig er einn aðstandenda „Opins borgarafundar“, samtaka sem hafa í tvígang borið mig út af fundum sínum og sem í þriðja sinn vörnuðu mér inngöngu eftir að „fundurinn“ kaus mig inná fund í Iðnó.

Sök mín gagnvart þessum samtökunum var að leggja til lýðræðisleg vinnubrögð í stað leiksýninga og lýðskrums. Þetta skýrir hugsanlega eftirfarandi orð á vef þessara samtaka í umræðunni „hvað á barnið að heita“: „Því miður er Ástþór Magnússon búinn að menga og gjaldfella orðið lýðræði. Lýðræðishreyfingin minnir of mikið á flokksnafn Ástþórs. Við viljum alls ekki láta bendla okkur við þann annars ágæta mann.“

Ofangreindur Kastljós þáttur er áfellsdómur yfir RÚV og starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Þegar svör bárust hvorki frá Ríkisútvarpinu né útvarpsréttarnefnd var bréf sent til nýskipaðs menntamálaráðherra Katrínar Jakobsdóttur þann 1 febrúar 2009 og tafarlaust inngrip ráðherra krafist. Spurt var hvort skrípaleikurinn á RÚV kallist lýðræði.

Í bréfinu til ráðherra sem einnig var sent Útvarpsréttarnefnd og Ríkisútvarpinu kom m.a. fram:

Í ljósi þess að boðað hefur verið til kosninga eftir um 80 daga krefst þetta erindi aðgerða og inngrips nýskipaðs ráðherra strax. Engan tíma má missa ef kosningar eiga að fara fram hér með lýðræðislegum hætti.

Lýðræðishreyfingin mun ekki sætta sig við áframhaldandi þöggun ríkisfjölmíðlanna. Leiðrétti nýskipaður ráðherra ekki okkar hlut hvað varðar aðgengi að ríkisfjölmíðlunum, munu samtökin grípa til þeirra aðgerða bæði innanlands og erlendis sem við teljum nauðsynlegar til að verja okkar lýðræðislega rétt til að taka þátt í kosningabaráttunni á jafnréttisgrundvelli.

Ísland mun verða að enn frekara athlægi á alþjóða vettvangi ef það spyrst út að hér sé efnt til kosninga í skugga fjölmíðla sem stjórnað er eins og tíðkast í alræmdustu einræðisríkjum.

Lýðræðishreyfingin krefst að fá í Ríkisútvarpinu og RÚV í útsendingartíma án tafar þær 20-30 klukkustundir sem aðrir hafa fengið hjá ríkisfjölmíðlunum til að kynna þjóðinni boðskap sinn.

Hreyfingin Raddir fólksins og Opinn borgarafundur hafa fengið slíkan aðgang að undanfögnu á meðan Lýðræðishreyfingin er hundsúð. Þetta þarf að leiðrétta strax! Við höfum áriðandi boðskap til þjóðarinnar sem þarf að koma til skila nú strax í tíma fyrir kosningar.

Fulltrúar Lýðræðishreyfingarinnar eru tilbúnir að mæta til viðræðna við ráðherra og útvarpsstjóra um nánari útsferlu á útsendingum okkar. Jafnvel að leggja til efnið með dagskrárgerðarstraum til RÚV og vinna efnið í eigin hljóð og myndveri.

Við getum ekki séð að það ætti að verða vandkvæðum bundið að hliðra til í dagskrá Ríkisútvarpsins og RÚV. Einfalt væri að setja til hliðar skemmtiefni sem annarsstaðar er fánlegt og hleypa lýðræðinu í loftið.

Ljóst er að Íslenska þjóðin hefur verið blekk't með aðstoð Ríkisútvarpsins og RÚV. Strax á fyrsta fundi mínum með Gunnari Sigurðssyni leikstjóra í lok nóvember 2008 mátti ráða að hann stefndi á alþingisframboð. Ekki ólíklegt að það hafi verið ástæðan fyrir því að hann lét bera mig út af fundi samtakanna í Borgartúni og aftur úr leikhúsinu Iðnó, en Lýðræðishreyfingin hafði tilkynnt um væntanlegt framboð til alþingiskosninga.

Verði ekki gerð veruleg bragabót til að kynna Lýðræðishreyfinguna næstu daga í Ríkisútvarpinu og RÚV til að koma boðskap okkar á framfæri við þjóðina til jafns við ofangreind samtök Opin borgarafund og Borgarahreyfinguna, er ljóst að kosningar verða ekki með lýðræðislegum hætti og eiga því meira í ætt við kosningar í einræðis- og kommúnískum ríkjum þar sem aðgangi að fjölmiðlum er miðstýrt til að útiloka að ný framboð nái fram að ganga. Við erum nú að upplifa slíka misnotkun fjölmiðla hér á Íslandi nema Útvarpsréttarnefnd grípi í taumana næstu klukkustundirnar til að rétta hlut Lýðræðishreyfingarinnar í aðdraganda þessa kosninga.

Virðingarfyllst,
Lýðræðishreyfingin



Ástþór Magnússon – Sími 4962002 – Netfang: thor@lydveldi.is

Afrit: OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights. Fax: +48 22 520 0605
Dóms og kirkjumálaráðuneytið. Símbref: 5527340. Netfang: postur@dkm.stjr.is,
Útvarpsréttarnefnd. Símbref: 5623068. Netfang: utvarpsrettarnefnd@utvarpsrettarnefnd.is
Menntamálaráðherra. Símbref: 5623068. Netfang: thkg@althingi.is
Menntamálanefnd Alþingis. Netfang: ragneidurb@althingi.is
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: magneam@althingi.is
Umboðsmaður Alþingis. Símbref: 5106701. Netfang: postur@umb.althingi.is.
Bláðamannafélag Íslands. Símbref: 5539177. Netfang: bi@press.is
Reporters Without Borders. Fax: +33 1 44838484. Email: rsf@rsf.org
Alþingismenn: Sent á póstlista. Birt á bloggvef Morgunblaðsins: <http://lydveldi.blog.is>